

HLEMMUR

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR



MW

DD
DAGNÝ
LAND DESIGN

INNGANGUR - HÖNNUNARFERLIÐ

SAMANBURÐARKEPPNI 2017-2018

ÞRÓUN TILLÖGU 2019- 2021

HLEMMUR - HEILDARSÝN

MEÐ SÖGUNA Í HUGA OG HUGHRIFF
SKIPULAGSTILLAÐA DES. 2019
VATN, GRÓÐUR & RÝMISMÝNDUN
ALMENNINGSSAMGÖNGUR OG BIÐSTÖÐVAR
AÐKOMA OG FLÆÐI GANGANDI UMFERÐAR
BYGGINGARRAMMI OG SKUGGAVARP
HLEMMUR MATHÖLL STÆKKUN
TORGSKÁLAR OG BYGGINGAR

HLEMMUR - TORGSVÆÐI

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR NÓV. 2021
NEYÐARAKSTUR, AÐFÖNG OG HJÓL
HELLULÖGN
BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR
GRÆNN OG VÆNN
LÝSING
ÞJÓNUSTA
GÖTUGÖGN OG LEIKUR
LAUGARVEGUR -SNÁKURINN
MINNI FORTÍÐAR- GUFAN & HESTURINN
BEKKIR OG LEIKUR Á RAUÐARÁRSTÍG

TORGSSKÁLAR OG NORÐURPÓLLINN

NORÐURPÓLLINN OG TORGSKÁLAR
RAUÐI TORGSKÁLI - DÆMI
GRUNN STRÚKTÚR
OPNUN
GEGNSÆTT EÐA MATT

INNGANGUR

HÖNNUNARFERLIÐ FRÁ SAMANBURÐARKEPPNI

SAMANBURÐARKEPPNI 2017-2018

Hönnun Hlemm svæðis hófst á samanburðarkeppni þar sem þjárf teiknistofur voru beðnar að útfæra skipulags-uppdrátt af heildarsvæðinu.

Segja má að umbreyting strætó biðstöðvar við Hlemm í Mathöll hafi verið kveikjan að verkefninu en einnig framtíðar-hugmyndir um breyttar áherslur er varða samgöngur og umhverfisgæði borgarinnar. Eitt af forsendum keppninnar var að staðsetja húsið Norðurþólinn á torgsvæðinu, en hann er einn elsti greiðastaður borgarinnar og stóð áður við Laugaveg. Auk Norðurþólsins átti einnig að staðsetja stytta af burðarmerinni með folaldið og gömlu klukkuna við Hlemm.

Teiknistofurnar Dagný Land Design og MandaWorks, skammstafað DLD og MW voru valdar í fyrsta sæti og hafa síðan þá unnið með hléum að sameiginlegri tillögu og sýn fyrir svæðið sem er hér til kynningar.



DLD -TILLAGA



MW - TILLAGA

ÞRÓUN TILLÖGU 2019-2021

Síðala árs 2018 hófst vinna við sameiginlega tillögu stofanna tveggja og í desember 2019 var tillagan kynnt og samþykkt í Borgarráði. Stofurnar komu sér saman um leiðarstef sem kallað var Grænt-Pónk, þar sem vísað er til þess að svæðið verði bæði grænt og þínu pönkað í sínum útfærslum.

Lengi vel var unnið með Norðurþólinn á torginu framan við Center hótel sjá mynd frá Maí 2019, en á endanum var því valinn staður að norðanverðu við hlið torgskála úr stáli og gleri. Í tillöggunni eins hún stendur núna, eru torgskálarnir og Norðurþóllinn ásamt glerviðbyggingu staksæðar byggingar í stað þess að vera samþygðar eins og sýnt var í desember 2019.



MAÍ 2019



4. DES. 2019



18. NÓV. 2021

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR DES. 2019

Hönnunarleiðbeiningarnar sem kynntar eru á næstu blaðsíðum, byggja á heildarsýn fyrir svæðið sem hannað var og kynnt í desember 2019 og í lok heftisins er kynnt nánari útfærsla á torgsvæðinu sem DLD og MW vinna nú að og verður boðið út í áföngum.

Í heildartillögnum frá 2019 eru auk torgsvæðisins varpað fram sýn um fyrirkomulag almenningssamgangna og framtíðarsýn fyrir Rauðarárstíg norður sem nokkurs konar þjónustugötu fyrir svæðið, sem verður útskýrt í heftinu.

Meginstef tillögunnar eru að:

- Skapa ramma um fjölbreytt mannlíf á torginu, skapa skjól og spennandi dvalarsvæði
- Vinna með sögulegar skírskotanir
- Styrkja almenningssamgögnur sem spennandi valkost og styðja við mjúka ferðamáta
- Nýta vatn sem upplifun, eins og gufuna tengdum ferðum þvottakvenna og minnið um Rauðará
- Gróðurvæða svæðið og nýta blágrænar ofanvatnslausnir.
- Móta ramma um dvalarrými sem bæði börn og fullorðnir geta notið

Á næstu blaðsíðum verður farið myndrænt yfir áhrif sem tillagan sækir innblástur í og úrvinnsla þess útskýrð í framhaldinu.





4. Desember 2019




HLEMMUR HEILDARSÝN

MEÐ SÖGUNA Í HUGA




HUGHRIF OG ÚRVINNLSA



AÐ TVINNA SAMAN FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ




NÚVERANDI LANDNOTKUN



SKIPULAG SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI - DESEMBER 2019



SKIPULAGSTILLAGA - TORGSVÆÐI NÓVEMBER 2021




VATN, GRÓÐUR OG RÝMISMÝNDUN


Hlemmur dregur nafn sitt af hlemmi sem komið var fyrir til að brúa Rauðará, einnig var vatsnþóstur við Hlemm, þar sem þyrstir burðarklárar gátu svalað þorsta sínum. Laugavegur var lagður til að auðvelda þvottakonum að ganga að þvottalaugunum í Laugardal. Allt eru þetta minni sem unnið er með í tillöggunni. Í blágrænum ofanvatnslausnum er vatnið gert sýnilegt á yfirborði og tengt við gróðurbeð sem nýta vatnið. Gróður skapar skjól og ramma í jöðrum torgsins ásamt byggingum og gróður er einnig gegnumgangandi element í göturýmum.




1902



1920



Minnið um Rauðará dregin fram



12



HEMMUR


MW & DLD

ALMENNINGSSAMGÖNGUR & BIÐSTÖÐVAR

Í tillögunni er gert ráð fyrir hágæða biðstöðum almenningssamgangna, upphituð biðskýli með nútímatæknilausnum og þægindum sem bjóða notandann velkominn.


Við viljum veita notandanum lúxus upplifun þegar hann velur almenningssamgöngurnar. Eftir að búið er að skrá sig inn er hægt að fara inn í upphituð glerskýlin, þar sem hægt er að hlaða símann, nettengjast, kynna sér dagskrána í menningarlifi borgarinnar, hlusta á nýútefna íslenska tónlist, eða bara sitja og njóta í gróðurvæddu skýlinu. Lýsingin í skýlunum ræðst af árstíma og birtustigi úti, á veturna gefa þau frá sér notalega bjarma, minna á gróðurhús, þar sem gott verður að bíða af sér slagveðrin.

Bakform og arkitektúr biðstöðvanna eru undir áhrifum frá þaki bensínstöðvarinnar sem áður stóð á Hlemmi og varð síðar biðstöð SVR.




13

HEMMUR



Flæði - inn og út



Sjónarhorn að vögnum



Miðar/
App

aðgangur
í biðskýli

Velliðan í biðstöð :
Upphitað, vistlegt,
bjart og öruggt skjöl.
Snjalltekní og net.


MW & DLD

AÐKOMA OG FLÆÐI GANGANDI UMFERÐAR

Umferð gangandi er gert hátt undir höfði, megin göngustefnur eru greiðar og í forgangi þar sem þær þvera akstur. Torgið er hannað með AÐGENGI ALLRA í huga, landhalli á megin leiðum er leystur með þetta í huga og aðgengi að byggingum einnig.

Meðfram húsaröð við Laugaveg að norðanverðu er gert ráð fyrir breiðri gangstétt. Þannig er gert ráð fyrir að meginþóðuleiðin að Laugardal verði þeim megin, en einnig skapað pláss fyrir setsvæði við byggingar, enda skjólgott og sérskilt þarna megin götu.


Á yfirlitsmynd má sjá hvernig bílastæðum og aðkomu leigubíla ofl er komið fyrir í Rauðarárstíg að norðanverðu. Bílastæði fatlaðra og yfirbyggðar hjólageymslur standa næst torginu. Vörulosun og þjónustutengdur akstur er leyfður á ákveðnum tímum í gegnum Laugaveg og Rauðarárstíg að sunnanverðu.






BYGGINGARRAMMI OG SKUGGAVARP

Hlemmsvæðið er rammað inn af núverandi byggingum, en auk þeirra er lágum torghúsum komið fyrir norðanvert á torginu, sem taka upp form og skala Norðurþólsins. Þau skýla torginu fyrir akstri almenningssamgangna, fæða torgið af lífi og mynda skjólvegg ásamt gróðrinum á sólríku svæði. Sjá má á skuggavarpsmyndum að svæðið í heild sinni er fremur sólríkt.




SUMARSÓLSTÖÐUR


23 JÚNÍ



8:00



13:00




17:00

JAFNDÆGUR

21 MARS /
21 SEPTEMBER



8:00



13:00








17:00

HLEMMUR

HLEMMUR EXTENSION

Í hönnunarferlinu voru skoðaðir nokkrir valkostir þess að stækka Mathöllina. Engin ákvörðun liggur fyrir um að gera slíkt, en niðurstaðan var að það færi best að slíkt yrði gert vestanmegin við húsið. Torgsvæðið að austanverðu er of verðmætt utandyrasvæði til að fórnar því fyrir byggingu, auk þess sem það hindrar gott flæði að biðstöðvum frá torginu.




HLEMMUR

TORGÍÐ


Torgbyggingar með mismunandi starfsemi eru hluti af heildar torghönnuninni, þær eru yfirbyggð torgrými, sem flæða virkni út á torgið.

Auk bygginga undir gleri eru tvö opin stálvirki á torginu sem hægt er leika sér með eftir þörfum hverju sinni.

Norðurþóllinn situr í öndvegi og tengist torgskálunum beggja megin við sig með gleri. Á síðari stigum í hönnunarferlinu var hann slitinn frá þannig að allar byggingarnar verði stakstæðar. Sjá nánar á bls 46.




18



MW & DLD

TORGHÚS - PRÓGRAM

MATHÖLL, NORÐURPÓLL, TORGRÝMI MEÐ PAKI OG ÁN



TORGHÚS

SKJÓL OG FJÖLNATA STÁLRAMMAR




DAGS: DES 2019


TORGHÚS - TILGANGUR

RÝMISMYNDUN, SKJÓL OG VIRKNI FYRIR TORGIÐ


SKJÓL FYRIR UMFERÐ



GEGNSÆI OG FLÆÐI




SVIÐID ENDAPUNKTUR FRÁ MIÐBÆ UPP LAUGAVEG




OPPINN SKÁLI VIÐ HÓTEL



SAMVERUSTAÐUR




SKJÓL- OG SÓLRÍKT TORG





TORGHÚS OG BIÐSTÖÐVAR





ÁHRIFAVALDAR





OPINN STÁLSTRÚKTÚR


FJÖLNOTA FYRIR LEIK OG VIÐBURÐI





TORGSKÁLAR UNDIR ÞAKI EÐA OPNIR

FRAMLENGING Á TORGI Í SKJÓLI OG LEIKUR Í OPNUM RÖMMUM







THUMMUR
DRAFT

Dags: Des 2019




Dags: Nów 2021

HLEMMUR TORGSVÆÐI HÖNNUNARLEIÐBEININGAR

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

DAGS: 18. NÓV 2021



NEYÐARAKSTUR, AÐFÖNG OG HJÓLASTÆÐI

Í tillögunni er gert ráð fyrir þjónustu aðkomu fyrir neyðarakstur og vörulosun. Á efri skýringarmyndinni má sjá hvar gert er ráð fyrir að unnt sé að staldra við í útskotum í akfærur ferli. Akfær leið er hluti af torginu og verður í sama fleti og allt torgið og upplifist því ekki sem gata. Á torginu er einnig gert ráð fyrir hjólastæðum, rafskútustæðum og rafhleðslustæðum fyrir hjól.



HEMMUR






HELLULÖGN

Gert er ráð fyrir að torgið verði hellulagt með forsteyptum hellum og náttúrusteinn verði lagður á áherslusvæðum eins og í snánum á Laugvegi að torgi, á svíðið og í gólf torgskála.

Hellumódúllinn er sérhannaður fyrir torgið og gengur út á mynstur sem getur vaxið frá smáum steinum upp í stóra allt eftir því á lagi sem svæðið á að bera. Þannig eru minnstu steinarnir á akfærum flötum og þar sem vinna þarf upp hæðarmun á stuttum kafla. Stærstu hellurnar eru 100x150x8cm og minnstu eru 12,5x12,5x8cm. Mynstrið leggst þannig að hvergi verða langar gegnumgangandi línr.

Minni hellurnar eru forsteyptar í hefðbundinni þurrsteypu, en stærri einingarnar eru steyptir í blauststeypumót, tryggt verður að auðvelt sé að skipta úr hellum gerist þess þörf.

Litapaletta gólfssins er ljósgrá upp í dökkgrátt með sandgulu ívafi, náttúrusteinninn verður dekksti liturinn í gólfinu.



MW & DLD

BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

Unnið er með blágrænar ofanvatnslausnir við afvötnun torgsins, þar sem vatnið er leitt að gróðurbeðum, þar sem það fær að sitra í gegn, yfirföll grípa vatnið ef vatnhæð rís hærra en beðin anna. Einnig verður leikið með regnvatnið, þar sem það rennur á yfirborði.

Almennt er gert ráð fyrir 3mm fúu í hellulögn, þar sem regnvatn getur seytlað á milli steina. Á Laugavegi er einnig gert ráð fyrir að regnvatnið sitri niður um fúur á milli náttúrusteina. Skýringamyndin sýnir afvötnun torgsins út frá hæðarsetningu. Gert er ráð fyrir að snjóbraða alla hellulagða fleti á torginu




VÄXTBÄDDAR I STADSM

Stockholmsmodellen

För att lösa de problem som drabbar stadsträd har Stockholms stad utvecklat flera metoder för anläggning av växtböddar och förbättring av befintliga växtböddar.



A circular metal grate with a central vertical pipe, likely a street lamp or utility access point, set into a paved surface.



GRÆNN OG VÆNN

Hlemmur verður gróðurvæddur bæði til skjóls og yndisauka. Norðanvert á torginu eru samfellið beð með trjám og undirgróðri sem veita skjól ásamt torgskálunum sem þar standa. Laugavegur og Rauðarárstígur eru með gegnumgangandi gróður sem stundum þjóna hlutverki í regnbeðum. Stöktré eru ýmist með undirgróðri eða stök í römmum á torginu. Miðja torgsins er án gróðurs fyrir utan jólatréð sem fær að njóta sín á miðju torginu yfir aðventuna. Gróðurinn er annars á jöðrum torgsins og styður við torgskálana ekki ólíkt því sem tré gera gjarnan við gömlu húsíni í miðbæ Reykjavíkur.

Helstu tegundir sem unnið verður með má nefna:

Stöktré í beðum og torgi: álmur, linditré (til prufu á völdum stöðum), silfurreynir, alpareynir, skrautreynir, elri, garðahlynur, fura, Evrópu lerki.

Blómstrandi stórir runnar/lítill tré: Sýrena, koparreynir, heggur

Runnar í beðum: surtartoppur, glansmismpill, héluðrifs, runnarósir,



Fjölæringer: maríustakkur, ilmgresi, burknar, grös og votlendistegundir. Pásakliljur ofl lauka mætti einnig nýta.




LÝSING

Lýsingarhönnun er enn í vinnslu (12.01.2022), en stefnt er að því að vinna með lýsingum í strengjum yfir svæðinu, sem leggst í nokkurskonar kóngulóarvef yfir svæðið. Kastaralýsing verður einnig á torgmiðjunni og á áherslustöðum. Einig er gert ráð fyrir fella lýsingu inn í götugögn sem unnið er með og gufustemningin verður lýst upp með sérstökum hætti þannig að litróf myndast í henni.

Torgskálnir verð lýstir upp þannig að þeir standi út þó starfsemin sé í nætturró. Stálrammarni á torginu munu einnig standa fram með lýsingum auk þess að geta breytt um stemmingu eftir notkun.



Olivia flexion system pole
SK 161 05-9



DAS140 TW LED
P6A, Class I LED Modularpole, diecast aluminum alloy, SCE superior corrosion protection including PCB hardware. Silicone CCC, gentile Safety glass lens. One color rating required, rating up to the highest value. 100% cable connection required, beyond EC. Factory installed LED circuit board. Tunable White Technology. The luminaire is factory sealed and does not need to be opened during maintenance.
Optional 2.200 K versions available, to be specified at time of ordering.
Includes cable connector, for cable 2-12 mm, 4°/10° adjustable to compensate for sloping canopy systems.





MW & DLD

ÞJÓNUSTA

Hlemmur mun rúma ýmiskonar þjónusta sem mun verða staðsett á torginu eða í nágrenni þess, má þar nefna pakkaþjónustu póstsins, matvæla sendingaþjónusta, almenningssalerni, flokkunartunnur (smærri), vatnspóstar og upplýsingaskjár svo eitthvað sé nefnt. Yfirbyggð hjólastæði er gert ráð fyrir að verði í Rauðarárstíg norðan við torgið, auk þeirra skammtímastæða sem verða á torginu.

Staðsetning smartlausna hefur ekki verið ákveðin, en er mjög líkleg til að verða hluti af útfærslum torgsins.



HLEMMUR

GÖTUGÖGN OG LEIKUR

Á leiðunum að miðju torgsins verða svæði sem bjóða upp á óformlega leikmöguleika. Á Rauðarárstíg verða ásamt setsvæðum, abstrakt hestar á leiðinni sem börn og fullorðnir geta leikið sér á. Í götunni getur vatnið á yfirborðinu einnig þjónað leikhlutverki fyrir þau yngsu þegar rignir.

Á Laugavegi mun stálprófill sem rís og hnígur innibera setsvæði, leikmöguleika, hjólastæði ofl ásamt ofanvatnslausnum.

Báðar leiðir enda í mistrinu sem gufusvæðið skapar, þar skammt frá er burðarmerin sem nú er komin nær jörðinni og er hluti af bekkjarútfærslu. Opnu stálstruktúrarnir á torginu eru uppsprettuð ymissa tímabundinna innsetninga og leikmöguleika. Þannig getur sviðið bæði þjónað ýmsum viðburðum, listrænum gjörningum og leikmöguleikum.



LAUGAVEGUR- SNÁKURINN

Snákurinn svokallaði er renningur í götumyndinni sem inniber gróður, setsvæði, hjólastæði og óformleg leikrými. Stálprófill sem rís og hnúgur er leiðandi element, í honum er einnig falin óbein lýsing og hann afmarkar þjónustuleiðna í göturýminu. Hellurnar í snánum er náttúrusteinn, en leiðin þjónar einnig hlutverki blágrænna ofanvatnslausna. Sólarmegin á Laugarveginum er gert ráð fyrir að veitingastaðir geti vaxið út í göngurýmið



LAUGAVEGUR TENGING FRÁ KVOS AÐ HLEMMTORGI




LAUGAVEGUR- SNÁKURINN



MINNI FORTÍÐAR - GUFAN OG HESTURINN




Við enda Laugvegar og Rauðarárstígs þar sem torgsvæðið opnast er gufusvæðið, minni um þvottalaugarnar í Laugardal, en Laugavegur var lagður þangað til að auðvelda þvottakonum burðinn að laugunum. Styttan af merinni hefur verið lækkuð og bekkur er hluti af útfærslu stölpulsins.

Gufan mun fá nýja vídd í myrkri með lýsingu sem dregur fram litróf sem minnar á regnboga eða norðurljós.



BEKKIR Á RAUÐARÁRSTÍG SUÐUR

Rauðarárstígar eru sólrík gata og í tillögunni er gert ráð fyrir setsvæðum og leikmöguleikum í átt að torgsvæðinu. Lítill hestahjörð stefnir að torginu en það eru hreyfanlegir abstrakt hestar sem komið er fyrir í nálægð við dvalarsvæði. Veitingastaðir geta einnig vaxið út í göngurýmið.




**TORGSKÁLAR
&
NORÐURPÓLLINN**

NORÐURPÓLLINN, TORGSKÁLAR MED GLERI EÐA ÁN

Torgskálarnir ásamt Norðurpólnum og Mathöllinni mynda ramma um mannlíf á torginu, fjölbreytt líf mun flæða inn og út úr skálunum. Norðurpóllinn mun sameinast skálaþjölskyldunni með glerbyggingu til vesturs. Glerskálarnir eru hugsaðir þannig að hægt er að opna framhliðar þeirra að torginu. Auk glerskálanna eru fjölnota stálgrindur á torginu með sama formi og glerskálarnir, sem hægt er að leika sér með á ýmsa vegu.


Hver skáli hefur sína litapalettu, en hún var valin út frá óskum Minjaværndar um litapalettu Norðurpólsins



MATHOLL - THE STARTING POINT




SHELTERING ACTIVITIES FOR EVERYDAY USE




ADAPTABLE AND MIXED



GLERSKÁLAR DÆMI



TORGSKÁLAR OG NORDURPÓLLINN - RAL LITIR



HLEMMUR

1		STÁL RAL 1018
2		VEGGIR 3010-G50Y
3		ÞAK 7502-Y
4		HURÐ 7010-Y30R
5		GLUGGAR 0502-Y
3		STÁL RAL 3033
4		STÁL RAL 5005
5		STÁL RAL 2010

YFIRLITSMYND





RAUÐI TORGSKÁLINN-DÆMI






STÁLGRIND

Dæmið sýnir stálgrind í þyktinni 150mm sem situr á steyptri plötu. Í dæminu er glerklæðningin að innanverðu, þannig að stálið er sýnilegt utan á byggingunni. Styrktarbitar eru að innanverðu þar sem einnig er gert ráð fyrir ramma fyrir rennihurðar, þannig að unnt sé að renna hurðum til hliðar og opna framhliðina að torgsvæðinu.




ÞAKHLUTI
klæðning að innaverðu




STÁLPRÓFÍLL

Í dæmunum má sjá hvernig stálramminn situr í steyptum fletinum eða er boltaður á fæti við steypuna.
Glerið er að innanverðum með rennihurðum, hægt væri að stífa húsið með sálvírum en sú tilvísun er fengin frá
Hlemmi Mathöll. Engin verkfræðileg hönnun hefur átt sér stað en það prinsipp sem höfundum hugnast best er að
stálið sé að utanverðu og glerklætt að innan.




Dæmi 1
Stál í steyptum ramma



HLEMMUR

Dæmi 2
Stálfótur á steyptum grunni




MW & DLD

OPNUN


Í dæmunum hér fyrir neðan er nokkrum valkostum velt upp, miðað við hvort glerið situr að innan eða utan á stálinu og hvernig opnun geti verið leyst. Rennihurðar eða opnanlegar, innan við stál eða utaná. Rennihurðar hafa þann kost að geta opnað stærri flöt og þannig verður skálinn enn frekar hluti af torginu.




DÆMI 1: Klætt utan á -með fellihurðum



DÆMI 2: Klætt innan á -með fellihurðum



DÆMI 3: Klætt utan á -með rennihurðum



DÆMI 4: Klætt innan á -með rennihurðum

GEGNSÆI

Í dæmunum er velt upp nokkrum valkostum um gegnsæi og efnisval í klæðningu. Útfærslan á þessu ræðst að miklu leyti af því hvert innihaldið verður, en engir útveggir verða á skálunum, en rýmum komið fyrir innan við glerið. Líklegast fer best á því að blanda saman tæru gleri og mattara yfirborði eins og sýnt er á dæmunum.




Hálfgegnsætt pólýkarbónat plötur




Hreint gler



Hreint gler + Pólýkarbónat plötur



DÆMI 1: Pólýkarbónat hliðar og þak



DÆMI 2: Gler hliðar og þak






DÆMI 3: Gler hliðar + pólýkarbónat þak




DÆMI 4: Blöndun gler og pólýkarbónat á hliðar og þak

ENGIN VEGGIR - RÝMI INN Í SKÁLA




LEIÐBEINANDI PRINSIPP TORGSKÁLA




A. BURÐUR

1. Megin stálstrúktúr: litaður stál rammi 150mm;
Litur : RAL3033
2. Stálrammi stífing: stálstrúktúr og klæðningarammar
Litur: ljós- fellur að klæðningu
3. Lagnir vatn/ rafmagn: fellt inn í gólf og stál
(eins ósýnilegt og hægt er)



B. INNANHÚS

4. Hiti: gólgħiti (helst ofnalaust)
5. Litir valkostur 1: 'Einlitt' (hver skáli hefur sinn lit)
Litir valkostur 2: 'Blandað' (blandað á milli litapalettu allra skálanna)
6. Lýsing valkostur 1: Innbyggt í strúktúr og mublur
Lýsing valkostur 2: lýst á hluti
7. Engir útveggir , einungis rými inn í skála



B. KLÆÐNINGAR

8. Klæðningar staðsetning : Innanvert (áhersla á sýnileika stálstrúktúrs að utan)
9. Hliðar og þak:
 - Valkostur 1, 2: hliðar = þak (hreint eða matt)
 - Valkostur 3: hliðar - hreinar, þak - matt
10. Opnum Valkostur 1: Rennihurðar
Opnum Valkostur 2: Fellihurð
11. Einangrun Valkostur 1: Einangrað gler/pólýkarbónat (extra þykkt)
Einangrun Valkostur 2: Tvöfaltt gler





Hönnun Hlemms og myndræn vinnsla hönnunarleiðbeininga:

Dagný Land Design ehf & Mandaworks

Yfirfarið og endurbætt : 13.01.2022

Unnið fyrir Reykjavíkurborg - Umhverfis-og skipulagssvið

Verkefnistjórar: Rebekka Guðmundsdóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason

